

Alþingi
Erindi nr. P 138/18
komudagur 26.10.2009

Minnisblað

Til: Efnahags- og skattanefndar og Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis

Frá: Fjármálaráðuneyti

23. 10. 2009

Tilfni: Frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sbr. þskj. nr. 69

Í breytingartillögum félags- og tryggingamálanefndar við frv. til l. um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins var í 7. lið tillagnanna lagðar til breytingar á lögum nr. 93/2003 um tekjuskatt m.a. þess efnis að eftirgjöf skulda skv. lögnum skuli ekki talin til skattskyldra tekna og jafnframt sé kröfueiganda heimilt að gjaldfæra niðurfelliinguna. Gert er ráð fyrir að ákvæði taki einnig til aðila í rekstri. Breytingarnar ganga gegn ákveðnum meginreglum í skattlagningu atvinnurekstrartekna.

Fjármálaráðuneytið hefur áður sett mikinn fyrirvara um slík ákvæði og embætti ríkisskattstjóra hefur í tveimur minnisblöðum lagst gegn þessum breytingum og bent á aivariegar afleiðingar þeirra. Fjármálaráðuneytið tekur eindregið undir sjónarmið ríkisskattstjóra og mælist til þess að ákvæði þessa efnis verði ekki í lögum þessum. Lítil tími hefur unnist til að greina áhrif ákvæðisins og réttmæti þeirra. Ráðuneytið bendir einnig á að engin þörf er á að ákveða breytingar af þessu tagi nú. Komi í ljós við athugun að þörf sé á þeim verður kostur á að koma þeim að í breytingum sem gera þarf á skattalögun á næstunni.

Fylgiskjal: Minnisblað, 23. október 2009, til fjármálaráðuneytisins frá ríkisskattstjóra

Minnisblað
23. október 2009

Til: Fjármálaráðuneytisins

Frá: Ríkisskattstjóra

Tilfni: Frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sbr. þskj. nr. 69

Þær tillögur sem nú liggja fyrir Alþingi um meðferð eftirgjafar skulda eru verulega gallaðar og vandséð að neitt eftirlit eða bönd verði á því hvernig með verður farið, þannig að jafnræðis sé gætt og ekki sé farið langt yfir strikið í eftirgjöfinni án þess að til skattskyldu komi. Þótt háleit markmið um skjaldborg um heimilin í landinu séu góðra gjalda verð verður að stíga varlega til jarðar í þessum efnum eigi ekki að koma til mikils ójafnræðis og óánægju hins almenna borgara í þessu landi.

Eins og málið liggur nú fyrir úr garði gert mun samþykkt þess hafa þær afleiðingar að engu máli skiptir hvernig skuldir eru tilkomnar eða hversu háar fjárhæðir er um að tefla og án þess að séð verði að gengið verði að þeim eignum sem urðu til við lántökuna. Í núgildandi reglum kemur ekki til skattskyldu slíkrar eftirgjafar skulda eða niðurfellingar ábyrgðar ef gengið hefur verið að þeim eignum sem fyrir eru. Þannig er það meginstef gildandi reglna að ef skuldari er ekki borgunarmaður kemur ekki til skattskyldu.

Ef frumvarpið verður að lögum munu t.d. þeir sem fengu há lán til kaupa á hlutabréfum í launagreiðenda sínum, oftast nær á mjög afbrigðilegum kjörum miðað við það sem gengur og gerist gagnvart hinum almenna skuldara, fá þær skuldir eða ábyrgðir felldar niður án þess að til skattlagningar komi og eftir því sem best verður séð án þess að gengið verði að eignum viðkomandi. Oft höfðu þeir hinir sömu fengið ókeypissölurétt á hlutabréfunum sem tryggði að þeir gætu sagt sig frá kaupunum ef lækkun yrði á verðmæti bréfanna þannig að þeir biðu ekki skaða af. Sumir fengu svona fyrirgreiðslu í gegnum einkahlutafélög sem þeir áttu sjálfir og þannig gátu þeir mögulega sótt sér aukið skattahagræði. Slík eftirgjöf er í raun sett í hendur kröfueigendanna. Gjalda verður alvarlegum varhug við fyrirhugaðri lagasetningu eins og hún liggur nú fyrir, þar sem engin fjárhæðamörk eða takmarkanir eru á því hvaða fjárhæðir koma til afskriftar án þess að skattlagning fylgi.